

Sp. 146. Tillaga til þingsályktunar [138. mál]

um stofnun byggingarsjóðs námsmanna.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Páll Pétursson, Stefán Guðmundsson,
Guðni Ágústsson, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna í samvinnu við námsmannasamtökin, þ.e. stúdentaráð Háskóla Íslands og Bandalag íslenskra sérskólanema, byggingarsjóð sem hafi það hlutverk að fjármagna íbúðarbyggingar fyrir námsmenn. Byggingarsjóðurinn verði sjálfstæð stofnun með sérstakri stjórn og verði í vörslu Seðlabanka Íslands.

Byggingarsjóðnum verði heimilað að taka lán hjá Byggingarsjóði verkamanna. Sjóðurinn verði til að byrja með í eigu ríkisins og námsmannasamtakanna. Tekjur sjóðsins verði leigutekjur af húsnæði í eigu sjóðsins og greiði námsmenn innan námsmannasamtakanna ákveðið hlutfall af árlegum skólagjöldum sínum til byggingarsjóðsins. Fyrstu 10 árin greiðir ríkissjóður árlega þrefalda þá upphæð til sjóðsins sem námsmenn greiða. Þegar tekjur sjóðsins standa undir eigin framlagi sjóðsins við fjármögnun bygginga afhendi ríkið samtökunum eignarhlut sinn í sjóðnum.

Greinargerð.

Á hverju hausti undanfarin ár hefur ríkt ófremdarástand í húsnæðismálum námsmanna á höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan er sú að þá koma mörg þúsund námsmanna utan af landi í leit að leiguhúsnæði meðan á námi stendur. Eftirspurnin eftir leiguhúsnæði á þessum tíma er langt umfram framboðið og er því leiguverð mjög hátt.

Til þessa hafa Gamli Garður, Nýi Garður og Hjónagarðar verið eina húsnæðið sem sérstaklega hefur verið ætlað fyrir námsmenn. Stúdentagarðarnir eru hins vegar aðeins fyrir stúdenta við Háskóla Íslands. Á árunum 1983–1987 hefur fjöldi umsókna um herbergi og íbúðir á stúdentagörðunum verið sem hér segir:

Gamli Garður og Nýi Garður:

Ár	Umsóknir	Samþ.	Neitað	Biðlisti
1983	159	100	21	36
1984	170	100	40	30
1985	198	100	36	62
1986	190	100	28	62
1987	190	100	28	62

Hjónagarðar:

1983	115	55	52	8
1984	87	55	32	0
1985	113	55	38	20
1986	100	55	25	20
1987	102	55	24	23

Þessar tölur gefa ekki rétta mynd af eftirspurninni því að margir sækja ekki um eftir að hafa kynnt sér úthlutunarreglur. Þá eru ekki taldar hér umsóknir sem berast of seint, en þær eru þó nokkrar á hverju ári. Innan við 5% af stúdentum við Háskóla Íslands búa á stúdentagörðum.

Innritaðir stúdentar við Háskóla Íslands árið 1987 eru 4233. Það er þó aðeins brot af fjölda námsmanna því að í Bandalagi íslenskra sérskólanema eru félagsmenn 3000. Þessi samtök hafa ekkert húsnæði fyrir sína félagsmenn. Þeir verða því eingöngu að treysta á leigumarkaðinn. Auk þessa eru þúsundir námsmanna sem stunda nám í mennta- og fjölbrautaskólum sem verða einnig að leita sér að leiguhúsnæði.

Í desember 1986 gerði Lánasjóður ísl. námsmanna eftirfarandi flokkun á húsnæði lánþega sjóðsins sem voru í námi á Íslandi.

	<i>Fjöldi</i>	<i>Prósent</i>
Hjá foreldrum	1060	23.5
Leigulaust húsnæði	494	10.9
Eigið húsnæði	704	15.6
Leiguhúsnæði	2252	50.0
Samtals	4510	100.0

Af þessari könnun má ætla að helmingur námsmanna búi í leiguhúsnæði. Nú er verið að byggja nýja stúdentagarða. Fyrirsjáanlegt er að þeir munu þó ekki leysa nema lítinn hluta húsnæðisvanda stúdenta og á engan hátt vanda sérskólanemanna. Auk þess mun byggingin valda Félagsstofnun stúdenta nokkrum fjárhagserfiðleikum og ljóst er að stofnunin getur ekki á næstu árum lagt út í aðrar byggingarframkvæmdir. Ávallt hefur langur tími liðið á milli þess að stúdentahúsnæði hefur verið byggt: Gamli Garður var byggður 1934, Nýi Garður 1943 og Hjónagarðar voru teknir í notkun 1974. Byggingarframkvæmdir við nýja garða hófust svo 1986.

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur á hverju sumri rekið húsnæðismiðlun. Síðastliðið sumar var útvegum húsnæðis fyrir námsmenn óvenjuerfið og biðlistar hafa aldrei verið lengri. Einungis tókst að útvega mjög litlum hluta námsmanna húsnæði. Stúdentar voru á engan hátt samkeppnishæfir um leiguverð. Í byrjun nóvember, einum og hálfum mánuði eftir að flestir skólar byrja, voru enn 40 manns á biðlista eftir húsnæði hjá húsnæðismiðluninni. Verð fyrir leiguhúsnæði var mjög breytilegt. Algengasta verð á mánuði fyrir eitt herbergi var 8–12 þús. kr.

Fyrir tveggja herbergja íbúð 20–25 þús. kr. og þriggja herbergja íbúð 30–35 þús. kr.

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að stofnaður verði Byggingarsjóður námsmanna með eignaraðild stúdentaráðs Háskóla Íslands, Bandalags íslenskra sérskólanema og ríkissjóðs. Með stofnun þessa Byggingarsjóðs yrði komið fastri skipan á húsnæðismál námsmanna í framtíðinni og þannig leystur sá vandi sem námsmenn hafa á hverju hausti staðið frammi fyrir við útvegum leiguhúsnæðis.

Með stofnun byggingarsjóðsins má ná eftirfarandi markmiðum:

1. Framtíðarlausn á húsnæðisvanda námsmanna.

2. Lækkun námskostnaðar nemenda þar sem leiga í námsmannaíbúðunum yrði mun ódýrari en á hinum almenna markaði.
3. Lægri námskostnaður dregur úr kröfum námsmanna um hækkun á framfærslu Lána-sjóðs ísl. námsmanna.
4. Jöfnun aðstöðu milli landsbyggðar og höfuðborgar, hvað menntun varðar.
5. Leiguverð á hinum almenna leigumarkaði á höfuðborgarsvæðinu mundi lækka sem kæmi þeim helst til góða sem þar búa í leiguhúsnæði.